



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Samráð vegna endurskoðunar á alþjónustuskýldum Mílu

Þann 31. desember 2017 fellur úr gildi ákvörðun PFS nr. 4/2016, um útnefningu Mílu ehf. með alþjónustukvöð. Skylda Mílu í ákvörðuninni er orðuð með eftirfarandi hætti:

„Míla ehf. skal útvega og viðhalda aðgangi að tengingu við almenna fjarskiptanetið um nettengipunkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um alþjónustu, nr. 1356/2007, sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. fjarskiptalaga nr. 83/2003 og bera við það kostnað innan þeirra marka sem nemur ósanngjarnri byrði, en þó að hámarki 650.000 kr. (án vsk.) fyrir hverja heimtaug.

Ef áætlaður kostnaður er meiri en 650.000 kr. (án vsk.) skal Míla verða við beiðnum um aðgang, ef umsækjandi samþykkir að greiða þann kostnað sem er umfram 650.000 kr. m auk almenns stofngjalds samkvæmt gjaldskrá alþjónustuveitandans.“

Í ákvörðuninni er einnig kveðið á um að útnefningin nái til landsins alls en alþjónustuveitanda veitt heimilt til að sækja um afmökun á kvöðinni ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi:

„Landfræðileg afmörkun

Útnefningin á alþjónustukvöðinni nær til landsins alls. PFS getur þó fallist á að tilefni geti verið til þess að kanna hvort grundvöllur sé fyrir alþjónustukvöð í tilteknum sveitarfélögum landsins og svæðum sem uppfylla ákveðin skilyrði. Grundvallarforsenda og skilyrði fyrir slíkri athugun er að til staðar sé annað aðgangsnét fyrir fastanetstengingar sem standi öllum lögheimilum og vinnustöðum til boða. Takmörkun á umfangi alþjónustukvaðar getur því komið til skoðunar hjá tilgreindum sveitarfélögum og svæðum að undangenginni umsókn þar um, en þá aðeins að því gefnu að skilyrði um annað aðgangsnét fyrir fastanetstengingar sé til staðar sem standi öllum lögheimilum og vinnustöðum til boða....“

Eins og áður sagði rennur núgildandi kvöð út um næstu áramót. Fyrir þann tíma þarf stofnunin m.a. að meta hvort rökbundin nauðsyn sé fyrir því að viðhalda núgildandi kvöð, sem og hversu víðtæk hún á að vera, þ.e. landsdekkandi eða svæðisbundin.

Helgast það fyrst og fremst af því, að í dag eru starfandi tvö fyrirtæki, Gagnaveitan hf. og Tengir hf., sem lagt hafa ný aðgangsnét í samkeppni við Mílu. Jafnframt hafa sveitarfélög, víða um land, lagt ljósleiðaranet með eða án stuðnings fjarskiptasjóðs. Er því nú svo komið að stór hópur notenda hefur orðið val um við hvaða aðgangsnét þeir eru tengdir.

Í tengslum við endurskoðunina hefur stofninn tekið saman almenn skilyrði sem horft yrði til við ákvörðunartöku um hvort tilefni væri til þess að aflétta alþjónustukvöð Mílu í tilteknum sveitarfélögum.

Skilyrðin sem PFS hefur í huga miða því að leggja mat á hvort markaðslegar aðstæður í tilteknu sveitarfélagi sé með þeim hætti að raunhæft framboð annars fjarskiptafyrirtækis á heimtaugum standi lögheimilum og vinnustöðum til boða, þrátt fyrir að Míla myndi mögulega hætta þjónustu, þannig að almennt aðgengi að grunneti fjarskipta væri tryggt.

Almenn skilyrði fyrir afléttingu alþjónustukvaðar á Mílu ehf.

1. Hið staðbundna net hefur a.m.k. 90% útbreiðslu til lögheimila og vinnustaða með heilsárs atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.
2. Tengihlutfall staðfanga (lögheimili/vinnustaðir) við Mílu ehf. innan sveitarfélagsins er komið undir 50%.
3. Í þeim tilvikum sem Míla ehf. eða eitthvað annað fjarskiptafyrirtæki hyggist ekki útvega tengingu bjóðist öllum fyrirliggjandi og nýjum lögheimilum og vinnustöðum með heilsárs búsetu/atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu að fá tengingu við hið staðbundna ljósleiðaranet gegn einskiptis tengigjaldi sem er ekki hærra en 350.000 kr., enda er kostnaður við lagningu heimtaugarinnar ekki umfram 1.000.000 kr.
4. Tölur um kostnað í lið 3. uppfærast í upphafi hvers árs í samræmi við verðlagsþróun.

Tekið skal fram að ekki væri um bindandi skilyrði að ræða heldur viðmið sem höfð yrðu til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Eftir sem áður gætu komið upp tilvik um sveitarfélög sem þyrfti að skoða og meta sérstaklega. Enn fremur verður það ekki skilyrði við afléttingu alþjónustukvaðar í sveitarfélagi að öll lögheimili og vinnustaðir njóti áfram tengingar, enda hefur alþjónusta aldrei verið fortakslaus, þ.e. um hana hafa alltaf gilt viðmið um hámarks kostnað. Í dag er sá kostnaður 650.000 kr. fyrir hverja heimtaug.

Hér með gefst hagsmunaaðilum kostur á að tjá sig um ofangreind skilyrði.

Sérstaklega er óskað eftir að hagsmunaaðilar tjái sig um aðferðarfræðina sem slíka, sem og einstök skilyrði sem hér eru sett fram.

Frestur til að koma með athugasemdir er gefinn til **7. júlí 2017**. Athugasemdir skulu sendar á fridrik@pfs.is

Rétt er að geta þess, að stofnunin mun væntanlega fara í víðtækara samráð í tengslum við ákvörðunartöku um endurskoðun á alþjónustuskyldum hér á landi síðar á árinu.